

100

4. ágúst

Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um toll af »sætri saft«.

Útaf fyrirspurnum, er komið hafa frá ýmsum lögreglustjórum um það, hvort greiða beri toll af »sætri saft« samkv. 1. gr. 3. lið í lögum um breytingu á tollögum fyrir Ísland, nr. 37, 8. nóv. 1901, staðfestum 11. júlí 1911 og gengnum í gildi 17. s. m., skal yður gefið til kynna, að þarsem það er skýrt tekið fram í tilvitnaðri lagagrein, að greiða beri til landssjóðs gjald af »óáfengum ávaxtavinum, *ávaaxtasafa* og öðrum óáfengum drykkjarföngum«, þá virðist enginn vafi á því vera *samkvæmt orðalagi liðsins*, að hér til eigi að teljast »sæt saft« sem tollskyld vara. — Auðvitað er það, að »sæt saft« er ekki að eins notuð til drykkjarfanga, heldur einnig til matar; en þótt hún sé notuð til hvorutveggja, þá er eigi hægt að gjöra greinarmun á tollskyldu »sætrar saftar« eftir því, hvort hún er ætluð til drykkjarfanga eða matar, því að slíkt er eigi hægt að fá vissu um við innflutning hennar, til hvors af þessu tvennu hún verði notuð.

Ennfremur skal það tekið fram, að með lögnum hefir verið *ætlast til þess*, að »sæt saft« skyldi vera tollskyld vara. Sést það á því, að alþingisnefnd sú, er gjörði breytingar á stjórnarfrumvarpi laga þessara og orðaði 1. gr. 3. lið laganna eins og hann nú er í þeim, kemst svo að orði í nefndaráliti sínu (Þingskjal 463) um þetta mál:

. . . . »Ætlumst vér til, að hinir ýmsu óáfengu drykkir, sem nú eru talsvert notaðir, og að líkindum verða meira og meira notaðir framvegis, þá er áfengisdrykkir hverfa úr sögunni, verði *allir* tollskyldir, og ætlumst vér til, að viðaukatillögur vorar við 1. og 3. tölulið 1. greinar taki yfir alla þess konar drykki undantekningarlaust og hverju nafni sem þeir nefnast.«

Það verður því að álíta, að alls konar »sæt saft« sé nú tollskyld vara.

101

11. sept.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Strandasýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.

Seint á árinu 1909 sagði húsbóndi Ragnheiðar nokkurrar Tómasdóttur á Stað í Grunnavík hana til sveitar frá nýári 1910 sökum geðveiki, sem þá var að ágerast. Hreppsnefndin í Grunnavíkurhreppi tók hana svo til framfærslu á hinum tiltekna tíma og var hin lögboðna skýrsla um leið tekin af henni og send áleiðis til fæðingarhrepps hennar, Árneshrepps. Hreppsnefndin þar viðurkendi svo sveitfesti hennar með bréfi, dags. 28. júní 1910. En rétt áður en hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps fekk þetta bréf, fór Ragnheiður þessi, sem þá var farið að batna, burtu úr dvalarstað sínum til Ísafjarðar, án tilhlutunar hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps. Á Ísafirði virðist hún sjálf hafa komið sér fyrir og eigi er það upplýst, að hún hafi þegið sveitarstyrk síðan. Þegar Grunnavíkurhreppur hafði fengið sveitfestisviðurkenninguna, sendi hann reikning yfir dvalarkostnað þurfalingsins, að upphæð 70 kr. 25 aur., og krafðist greiðslu á honum úr sveitar-